

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Viðhaldssjóð Helgafellskirkju, Helgafellssveit, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. maí 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Viðhaldssjóð Helgafellskirkju.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Viðhaldssjóður Helgafellskirkju. Heimili hans og varnarþing er í Helgafellssveit, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Maríu Kristjánsdóttur, húsfreyju að Þingvöllum í Helgafellssveit, til minningar um eiginmann hennar, Kristján Jóhannsson, bónda þar, sem fæddur var 7. maí 1891 og andaðist 3. ágúst 1984, og systur hennar, Ingibjörgu Kristjánsdóttur, saumakonu, frá Hálsi á Skógarströnd, sem fædd var 18. mars 1898 og andaðist 20. júlí 1984.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að leggja fram fé til viðhalds og endurnýjunar á Helgafellskirkju og munum kirkjunnar.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 155 000,00 — eitthundraðfimmtíuogfimmþúsund krónur —, gefið af stofnanda hans, Maríu Kristjánsdóttur.

5. gr.

Tekjur sjóðsins verða framlög frá einstaklingum og félagasamtökum, minningargjafir, áheiti og vextir af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum áskotnast. Framlög, gjafir, áheiti og óráðstafaða vexti skal leggja við höfuðstól. Sjóðinn skal varðveita á tryggilegan hátt með hæstu ávöxtun. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Heimilt skal að ráðstafa allt að helmingi af vaxtatekjum sjóðsins ár hvert í samræmi við tilgang hans, sbr. 3. gr., en þó ekki fyrir en sjóðurinn hefur náð 500 000,00 króna höfuðstól.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum: Sýslumanni Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sem skal vera formaður hennar, hreppstjóra Helgafellssveitar og formanni sóknarnefndar Helgafellssóknar.

7. gr.

Stjórnin velur ritara og gjaldkera úr sínum hópi. Hún semur árlega efnahags- og rekstursreikning sjóðsins, sem skal endurskoðaður af tveimur endurskoðendum kjörnum af hreppsnefnd Helgafellssveitar til fjögurra ára í senn, í upphafi hvers kjörtímabils hreppsnefndar. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Endurskoðaða reikninga sjóðsins skal birta árlega í Stjórnartíðindum.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.